




AÐALFUNDUR 9. APRÍL 2015

SKÝRSLA STJÓRNAR



1 INNGANGUR

Vistbyggðarráð er samráðsvettvangur fyrirtækja, sveitarfélaga og stofnana í mannvirkjageiranum sem eiga það sameiginlegt að stefna að aukinni útbreiðslu á vistvænni hönnun, byggingaraðferðum og skipulagi.

Tilgangur Vistbyggðarráðs er að vera leiðandi vettvangur á sviði sjálfbærrar þróunar við skipulag, hönnun, byggingu, rekstur og viðhald mannvirkja á Íslandi. Samtökin skulu hvetja til stöðugra umbóta í anda sjálfbærrar þróunar í mannvirkjagerð og skipulagi og stuðla þannig að því að þjóðin geti ávallt búið við heilbrigð og góð lífsskilyrði í vistvænni byggð.

Markmið samtakanna byggjast í grófum dráttum á eftirfarandi atriðum:

- Að skilgreina íslensk viðmið fyrir vistvæna byggð sem auðvelda hönnuðum og hagsmunaaðilum að þróa í auknum mæli vistvænar áherslur við skipulag, hönnun, byggingu, rekstur og viðhald mannvirkja á Íslandi.
- Að styðja við faglega umræðu og rannsóknir á sviði vistvæns skipulags og mannvirkjagerðar.
- Að stuðla að fræðslu almennings og hagsmunaaðila á Íslandi um vistvænt skipulag og mannvirki.
- Að stuðla að samvinnu við erlendar systurstofnanir með það að markmiði að miðla af okkar reynslu og nýta þekkingu frá öðrum löndum.

Árið 2014 var að nokkru leyti óvenjulegt miðað við undanfarin ár. Skrifstofa Vistbyggðarráðs var flutt til Verkís í byrjun árs og 1. september var starfshlutfall framkvæmdastýru hækkað í 100%. Einnig var talsvert meira um viðburði en en áætlað var í starfsáætlun ársins. Framkvæmdastýra sér um allan almennan rekstur, verkefnsstjórnun og kynningarmál auk þess að taka þátt í samnorrænum verkefnum fyrir hönd VBR, en nokkur tími hefur farið í að sinna norrænum samstarfsverkefnum og mun svo verða áfram út næsta ár.

Þann þriðja febrúar 2014 flutti starfsstöð Vistbyggðarráð í nýtt húsnæði Verkís við Ofanleiti 2. Samkvæmt samningi þar um er áætlað að framkvæmdastýra hafi þar aðstöðu til vors 2016 og þarf að huga að nýrri staðsetningu í lok árs 2015.

2 INNRI STARFSEMI

2.1 Aðilar 2014


Alls sóttu 5 fyrirtæki um félagsaðild á árinu (sjá undirstrikun). Þann 31. desember 2014 voru aðilar orðnir 38 talsins. Við áramót féll niður aðild Arkitektúr.is sem nú hefur hætt störfum.

Eftirfarandi fyrirtæki, stofnanir og sveitarfélög voru skráðir aðilar að Vistbyggðarráði starfsárið 2014-2015

Arkitektúr.is	Búseti
Arkís arkitektar ehf	EFLA
ASK arkitektar	Fasteignir Ríkissjóðs
Basalt Arkitektar	Félagsbústaðir
BYKO	Framkvæmdasýsla Ríkisins

<u>Grásteinn ehf.</u>	Reitir Fasteignafélag
Hornsteinar arkitekta	Reykjavíkurborg
Háskólinn í Reykjavík	Ríkiskaup
Húsasmiðjan	Sesseljuhús umhverfissetur
Ikea (Mikligarður ehf)	Skipulagsstofnun
Iðan fræðslusetur	Teiknistofan Tark ehf.
<u>Íslenskir aðalverktakar (ÍAV)</u>	<u>Teiknistofan Tröð</u>
<u>Landslag</u>	THG arkitektar
Landsvirkjun	Urriðaholt hf.
Mannvit	<u>VA arkitektar</u>
Mannvirkjastofnun	Verkís
Nýsköpunarmiðstöð Íslands- Efnisfræði og steinsteypusvið	VSB verkfræðistofa
Nýsköpunarmiðstöð Íslands- Mannvirkjasvið	VSÓ Ráðgjöf
Orkuveita Reykjavíkur	

Á súluritinu má sjá samsetningu aðila (2014) og er miðað við skiptingu sem sett er fram af World Green Building Council, en henni er ætlað að endurspeglar byggingarmarkaðinn og þá sem starfa í tengslum við hann. Þetta súlurit sýnir jafnframt hvar þarf helst að auka fjölbreytni í aðildarhóp Vistbyggðarráðs á næstunni.




[Mynd: Súluritið hér að ofan sýnir fjölda aðila í mismunandi atvinnugreinaflokkum.]


2.2 Rekstur félagsins

Aðildagjöld mynda tekjugrunn starfseminnar en að auki hafa styrkir verið sóttir til að fjármagna einstök verkefni. Eins og sjá má hér að neðan eru aðildagjöldin rúm 70% tekna en styrkir tæplega 30 % en heildarupphæð þeirra er breytileg frá ári til árs. Laun og launatengd gjöld voru 63% á árinu en hafa ber í huga að framkvæmdastýra fór í 100% starf þann 1. ágúst og er gert ráð fyrir að þetta hlutfall verði hærra á árinu 2015.

Tekjur 2014



Rekstrargjöld



2.3 Stjórn

Stjórn Vistbyggðarráðs er skipuð fimm mönnum auk tveggja varamanna sem ávallt eru boðaðir á fundi og eru virkir í stjórn. Stjórnin fundar að jafnaði mánaðarlega, en að auki hafa verið haldnir vinnufundir í tengslum við stefnumótun. Fundagerðir stjórnar eru aðgengilegar á vef Vistbyggðarráðs.

Skipunartími hvers stjórnarmanns er tvö ár í senn. Á aðalfundi þann 3. apríl voru eftirtaldir aðilar kosnir í stjórn, en samkvæmt lögum félagsins átti að kjósa þrjú nýja stjórnarmenn (2 aðalmenn og einn varamann), en þrír aðalmenn og einn varamaður sátu sitt annað starfsár. Ekki voru fleiri í framboði en þau sæti sem laus voru.

Stjórn Vistbyggðarráðs 2014-2015

Ásdís Hlökk Theodórsdóttir (situr annað starfsár)

Björn Guðbrandsson (kosinn til 2 ára)

Guðmundur Tryggvi Sigurðsson (kosinn til 2 ára)

Haukur Magnússon (kosin til 2 ára)

Helga Jóhanna Bjarnadóttir (situr annað starfsár)



Varastjórn:

Páll Gunnlaugsson (kosinn í 1 ár)¹

Elín Vignisdóttir (kosin til 2 ára)

Á aðalfundi voru einnig kosnir tveir skoðunarmenn reikninga; Aldís M. Norðfjörð og Rúnar Gunnarsson.

Á fyrsta fundi stjórnarinnar var Helga Jóhanna Bjarnadóttir valin formaður stjórnar og hefur hún sinnt því hlutverki allt starfsárið. Guðmundur Tryggvi var valinn gjaldkeri og Elín Vignisdóttir ritari.

¹ Lena Kadmark flutti erlendis og fór úr stjórn. Þess vegna þurfti að kjósa varamann í hennar stað í 1 ár.

2.4 Starfsmenn og starfsstöð

STARFSMENN: Á stjórnarfundum þann 12. mars, 2014 var samþykkt að auka starfshlutfall framkvæmdastjóra í 100% frá og með 1. ágúst enda standi styrkveitingar að hluta til undir þeirri fjármögnun ásamt aukningu aðildagjalda og samdrætti í öðrum rekstrarliðum s.s. reikningshaldi.

STARFSSTÖÐ: Þann 3. febrúar 2014 var skrifstofa Vistbyggðarráðs flutt í nýjar höfuðstöðvar Verkis við Ofanleiti 2 í Reykjavík, þar sem hún verður næstu 2 árin samkvæmt samkomulagi og er aðsetur framkvæmdastýru á 5. hæð. Undanfarin þrjú ár hefur skrifstofa VBR verið í húsnæði EFLU á Höfðabakkanum og er EFLU þakkað fyrir gott og ánægjulegt samstarf og sitt framlag til reksturs skrifstofunnar. Markmið með færanlegri skrifstofu VBR er fyrst og fremst að efla tengsl við félag, miðla þekkingu og reynslu af verkefnum á sviði samtakanna. Óhætt er að segja að þetta fyrirkomulag hafi gengið afar vel undanfarin ár og hefur verið vel tekið á móti framkvæmdastýru á nýjum stað. Huga þarf að nýrri staðsetningu á síðari hluta ársins 2015.

2.5 Starfsemi

Eitt af markmiðum Vistbyggðarráðs er að styðja við faglega umræðu sem og stuðla að miðlun upplýsinga um vistvænar aðferðir og áherslur til almennings og hagsmunaaðila. Það er gert m.a. með því að halda úti vefsíðu og standa fyrir opnum málefnafundum og ráðstefnum. Lög er áhersla á að vera í samstarfi við ýmsa aðila bæði um einstök verkefni og viðburði sem tengjast grunnmarkmiðum félagsins. Framkvæmdastjóri sinnir almennri og daglegri starfsemi auk þess að sinna erlendum samskiptum þar á meðal við Vistbyggðarráð hinna Norðurlandanna.

Starfshópar. Á árinu 2014 var einn starfshópur að störfum fyrri hluta árs en það var starfshópur um *vistvænt skipulag þéttbýlis*, en hann lauk formlega störfum þegar bæklingurinn Vistvænt skipulag þéttbýlis kom út, þann 29. ágúst 2014.

Þá var settur af stað ráðgjafarhópur í tengslum við verkefni, *Nordic Guide for Sustainable Material*, og hittist hann 2 sinnum í lok árs.

2.6 Stefnumótun

Á árinu 2012 var unnin stefna Vistbyggðarráðs frá 2013-2015 með skýrt skilgreindum stefnumiðum. Á árinu 2014 var gróf framkvæmdaáætlun unnin af framkvæmdastýru í samræmi við þá stefnu sem þar er sett fram og áætlun samþykkt af stjórn. Undir lok árs var farið að huga að endurskoðun stefnu sem þarf að fara fram á árinu 2015.

3 YTRI STARFSEMI

3.1 Kynningarmál

Vistbyggðarráð hefur hingað til að mestu kynnt sig og starfsemi sína í gegnum heimasíðuna, www.vbr.is og með auglýsingum sem dreift er á póstlista félagsins. Með formlegum samstarfsamningum hefur VBR að auki náð útbreiðslu á póstlistum annarra félagsamtaka, en einnig hefur verið reynt að efla beina og óbeina kynningu í tengslum við ýmsa viðburð. Á árinu 2014 birtist engin grein í dagblaði en í tengslum við ýmsa viðburði á árinu var umfjöllun um þá bæði á Rúv og á Bylgjunni. (sjá árangursmat)

Á facebook síðu VBR eru settar fram upplýsingar með fremur óformlegum hætti og lögð áhersla á að auglýsa viðburði á vegum VBR. Þátt fyrir að gera þurfi átak í birtingu efnis frá VBR í fjölmiðlum þá er óhætt að fullyrða að tveir opnir fundir sem og ráðstefna um Vistferlisgreiningu sem VBR tók þátt í á liðnu ári, hafi hlotið nokkra athygli í fjölmiðlum og var sagt frá þeim í útvarpi og tekin viðtöl við frummælendur.

3.2 Vefsíða Vistbyggðarráðs

Heimasíðan er í sífellri þróun en framkvæmdastýra Vistbyggðarráðs sér um uppfærslu hennar. Þar er að finna nýjustu fréttir um þá viðburði sem félagið stendur fyrir á hverjum tíma, auk annars áhugaverðs efnis. Stefnt er að því að bæta við kynningarefni, bæði almennu fræðsluefni sem og upplýsingum um það sem verið er að vinna á vegum Vistbyggðarráðs. Lögð er áhersla á gagnsæi í starfsemi samtakanna sem felst í því að birta það helsta sem varðar formlega starfsemi VBR s.s. fundagerðir, samþykktir og skýrslur. Bætt hefur verið inn upplýsingum sem tengjast samnorrænum verkefnum á sér svæði á síðunni.

3.3 Viðburðir

Undanfarin ár hefur Vistbyggðarráð staðið fyrir nokkrum opnum fundum á ári um ýmis málefni tengdum starfseminni og áherslum félagsins. Alls fóru fram 8 viðburðir á árinu sem VBR annað hvort stóð fyrir eða tók þátt í. Flestir þessarra viðburða fóru fram á tímabilinu 4. september til 12. desember.

Á starfsárinu voru haldnir 2 opnir fundir, þann 8. maí og 23. október. Í viku vistvænna bygginga í lok september var farið í skoðunarferð með strætó en í sömu viku stóð VBR fyrir kynningarfundi um vottunarkerfið Breeam Communities. Þá var haldinn aðilafundur í september. Vistbyggðarráð var þátttakandi í 2 daga ráðstefnu um vistferilsgreiningu sem norrænu samtökin NorLCA stóðu fyrir í samvinnu við ýmsa aðila.

Árið 2014 var lögð áhersla á að vera í samstarfi við aðra aðila um ýmsa viðburði og gekk það eftir. Vistbyggðarráð stóð aðeins eitt fyrir opnum fundi í maí en allir aðrir viðburðir voru unnin í samstarfi við aðra aðila. Innlendir samstarfsaðilar á árinu voru: Nýsköpunarmiðstöð, Náttúran ehf., EFLA, Landsvirkjun, Háskóli Íslands og Landsnet.

Yfirlit yfir viðburði:

Opnir fundir:

Háhýsi og smáhýsi í vistvænu skipulagi - 8.maí.

Vistvænar byggingarvörur, aðgengi og upplýsingar - 23. okt.

Vika vistvænna bygginga:

Í viku vistvænna bygginga voru tveir viðburði:

*Kynningarnámskeið um vistvottun skipulags í Urriðaholti - 23.september.

*Vistvæn leið með strætó - 25.september.

Aðrir fundir:

*Aðilafundur var haldinn 11. september eins og til stóð, á Sólon í Bankastræti og var með óformlegu sniði.

*Aðalfundur var haldinn 3. apríl. eins og til stóð og hélt Hafsteinn Pálsson sér færðingur frá Umhverfisráðuneytinu fyrirlestur um þróun byggingarreglugerðar.

***Málstofur.** VBR tók þátt í tveimur málstofum á vegum Evrópumíðstöðvar Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands:

*Vistvæn hönnun – þarfir markaðarins og leiðir að markmiðum - 11. apríl

*Vistvæn hönnun- reynsla framleiðslufyrirtækja og framtíðarsýn -12. desember.

Hér á eftir er nánar sagt frá einstökum viðburðum:

Aðilafundur að hausti

Þann 11.september var haldinn aðilafundur Vistbyggðarráðs, en aðilafundir eru haldnir a.m.k. einu sinni á ári. Fundurinn var haldinn síðdegis á efti hæðinni á Sólon og var hann að þessu sinni með nokkuð frjálsgu sniði. Gestir ræddu saman í hópum um nokkrar spurningar sem tengjast þátttöku VBR í norrænum verkefnum og sköpuðust góðar umræður um verkefnið sem fjalla annars vegar um vistvænt skipulag og hins vegar um gagnabanka fyrir vistvæn byggingarefni.

Opinn fundur: Háhýsi eða smáhýsi í vistvænu skipulagi

Á opnum fundi sem haldinn var í Norræna húsinu þann 8. maí, var fjallað um hvers konar byggð félli að hugmyndum um vistvænt skipulag. Fundurinn var vel sóttur (rúmlega 50 manns) og vakti nokkra athygli fjölmiðla. Flutt voru alls fjögur erindi og má skoða glærur og lesa samantekt um fundinn á vefsíðu Vistbyggðarráðs. Þeir sem fluttu erindi á fundinum voru: Jakob Línal og Kristján Ásgeirsson hjá Alark arkitektum, Anna Sigríður Jóhannsdóttir hjá VA arkitektum, Sigríður Magnúsdóttir hjá teiknistofunni Tröð, Sigríður Björk framkvæmdastýra VBR en að auki kynntu fulltrúar DTU fyrirhugaða ráðstefnu norrænu samtakanna NorLCA um Vistferilshugsun á norðurslóðum, sem haldin var í október.

Í ár var nokkuð meira lagt í að kynna árlega viku vistvænna bygginga sem World Green Building Council stendur fyrir í lok september, en að þessu sinni stóð hún yfir frá 22.- 29. september. Haldnir voru tveir viðburðir sem vöktu nokkra athygli í fjölmiðlum og voru ágætlega sóttir.

Opinn kynningarfundur um vistvottun skipulags

Í tilefni af viku vistvænna bygginga 22.-29.sept, bauð Vistbyggðarráð í samvinnu við Urriðaholt ehf upp á kynningarfund um vistvottun skipulags þar sem fjallað var sérstaklega um vottunarkerfið Breeam Communities. Einnig var kynntur almennur bæklingur um vistvænt skipulag sem kom út í lok ágúst.

Fundurinn var haldinn í húsnæði Náttúrfræðistofnunar Íslands við Urriðaholtsstræti 6-8, þriðjudaginn 23. sept kl. 16:30-18:00. Þeir sem fluttu erindi á fundinum voru, Gunnar Einarsson bæjarstjóri í Garðabæ, Cary Buchanan og Tom Hyde, ráðgjafar hjá Building Research Establishment (BRE), sem voru staddir hérlandis vegna vottunar á hluta Urriðaholts og Ólöf Kristjánsdóttir samgönguverkfræðingur hjá Mannviti og matsaðili Breeam Communities vottunar.

2014- Vistvæn leið

Lögð var sérstök áhersla á samgöngumál í viku vistvænna bygginga. Fimmtudaginn 25. september var farið í skoðunarferð með fyrirlestrum sem hafði yfirskriftina, 2014 Vistvæn leið. Ekið var í vistvænum strætisvagni á milli nokkurra áfangastaða þar sem annað hvort er um að ræða vistvænar byggingar, framkvæmdir, skipulag eða rekstur sem vert er að vekja athygli á. Nokkrir aðilar sem tengdust ákveðnum verkefnum sögðu frá þeim um leið og ekið var framhjá og var afar áhugavert að heyra af því sem verið er að vinna að, bæði varðandi byggingar og skipulag. Þeir sem tóku að sér að segja frá verkefnum voru: Helga Jóhanna Bjarnadóttir við Höfðabakka 9, Sigríður Magnúsdóttir við Vogabyggðina, Páll Gunnlaugsson við Vesturbugt, Ögmundur Skarphéðinsson við Hús íslenskra fræða og stúdentagarða, Sigríður Björk Jónsdóttir við Vatnsmýrina, og að lokum sögðu bæði Egill Guðmundsson og Björn Guðbrandsson frá húsbyggingum og skipulagi í Urriðaholti. Ferðin tókst með miklum ágætum og fékk talsverða kynningu í fjölmiðlum en þó var mæting afar dræm. Gaman væri að fara aftur að ári, fara í kynningu með meiri fyrirvara og skoða hvort að e.t.v. væri heppilegra að leggja upp frá Hlemmi heldur en Mjódd.

Opinn fundur í október um vistvænar byggingarvörur og aðgengi á markaði.

Opinn morgunfundur Vistbyggðarráðs var haldinn fimmtudaginn 23.október í samvinnu við Náttúruna ehf. Á fundinum var fjallað um vöruþróun, aðgengi að vistvænum byggingavörum sem raunverulegum valkosti við hönnun bygginga og framkvæmdir og hvernig hægt sé að bæta kynningu á umhverfisvottuðum byggingavörum á netinu og í verslunum. Þá var kynnt nýtt smáforrit, *HÚSIÐ* og *umhverfið*, sem Náttúran ehf. hefur þróað og er til þess fallið að auka skilning almennings á vistvænu umhverfi innan og utan heimilis og gera upplýsingar um lausnir aðgengilegar. Þá var sagt frá samnorrænu verkefni um norrænan gagnabanka um vistvæn byggingarefni sem nú er nýlega hafið. Fulltrúi IKEA sagði frá metnaðarfullum umhverfisáherslum í starfsemi IKEA. Þau sem héldu erindi/kynningar á fundinum voru: Björn Guðbrandsson arkitekt, Einar Bergmundur hugbúnaðarfræðingur og annar eigandi Náttúran.is, Björn Marteinson arkitekt og verkfræðingur hjá Nýsköpunarmiðstöð og H.Í, og Guðný Camilla Aradóttir frá Ikea.

Fundurinn var haldinn í fyrirlestrarsal Verkís í Ofanleiti 2 og var nokkuð vel sóttur.

Erindi, fundir og kynningar

Það er hluti starfsins að kynna Vistbyggðarráð og markmið þess sem víðast og hefur framkvæmdastýra tekið vel í það þegar óskað er eftir kynningu hvort sem það er í skólastofnunum, á námskeiðum eða í fyrirtækjum og stofnunum. Fundir voru haldnir hjá eftirtöldum aðilum á árinu:

- ✓ Landbúnaðarháskólinn- 19.mars
- ✓ Steinull ehf.- 28.mars
- ✓ Strætó bs- 20. ágúst
- ✓ Reykjavíkurborg– 7. október
- ✓ Landsnet – 20.nóvember

3.4 Ráðstefnur

Árið 2014 var ákveðið að Vistbyggðarráð myndi ekki standa fyrir eigin ráðstefnu. Ástæðan er bæði kostaður og nokkur vinna sem í því felst, en einnig kom upp tækifæri fyrir VBR að tengjast og taka þátt í samnorrænni ráðstefnu um Vistferilshugsun á norðurlóðum sem haldin var þann 2. - 3. október. Aðal- skipuleggjandi ráðstefnunnar var norrænn samstarfsvettvangur um vistferilsgreiningar (NorLCA). Yfirskrift ráðstefnunnar var "Global Sustainability Challenges - Northern Approaches", eða "Áskoranir á sviði sjálfbærni - norðlægar nálganir".

Meðal fyrirlesara á ráðstefnunni var Michael Hauschild, prófessor við DTU háskólann, en hann er meðal fremstu sérfræðinga heims á sviði vistferilshugsunar og hefur m.a. starfað sem ráðgjafi Evrópsku framkvæmdarstjórnarinnar á þessu sviði og stýrt nokkrum nefndum á vegum umhverfisáætlunar Sameinuðu þjóðanna (UNEP). Meðal annarra fyrirlesara á ráðstefnunni voru Mikael Ekshagen, umhverfisráðgjafi sænska orkufyrirkæpisins Vattenfall AB, og Ragnheiður Ólafsdóttir, umhverfisstjóri Landsvirkjunar, auk fjölda annarra sem halda munu erindi á sviði vistferilshugsunar. Hérlandis komu eftirtaldir aðila að undirbúningi ráðstefnunnar ; EFLA verkfræðistofa, Landsnet, Landsvirkjun, Vistbyggðarráð, Háskóli Íslands, Nýsköpunarmiðstöð Íslands ásamt Danmarks Tekniske Universitet (DTU) í Danmörku sem fulltrúi samtakanna. Um 70 gestir sóttu ráðstefnuna sem tókst afar vel og voru flutt fjölmörg afar áhugaverð erindi. Þá var vel heppnaður ráðstefnukvöldverður haldinn í Viðey og farin skoðunarferð um bæði vatnsafls- og jarðvarmavirkjanir eftir hádegis síðari daginn undir leiðstögn Ara Trausta Guðmundssonar.

3.5 Önnur verkefni

*LANDSSKIPULAG 2014- þátttaka í samráðsvettvangi.

Vistbyggðarráði var boðið að eiga fulltrúa í samráðsnefnd í tengslum við vinnslu nýrrar Landsskipulagsstefnu 2014 og voru þau Egill Guðmundsson og Ólöf Kristjánsdóttir skipaðir fulltrúar VBR.

3.6 Vottunarkerfi

Á árinu var ekki farið lengra með þessi mál, utan þess að sótt var um styrk til Umhverfis og auðlindaráðuneytis til að vinna verkefni um gerð leiðbeininga um notkun vottunarkerfa (Breeam) og greina stöðu og taka saman reynslu þeirra sem hafa unnið að þessum verkefnum hérlandis. Ekki fékkst styrkur til þessa verkefnis.

4 INNLENT OG ERLENT SAMSTARF

4.1 Norrænu vistbyggðarráðin

Samstarf við vistbyggðarráðin á Norðurlöndunum hefur verið mjög virkt ,en þó sínu minna við danska vistbyggðarráðið sem ekki er beinn þátttakandi í tveimur samstarfsverkefnum sem nú standa yfir.

4.2 Nordic Built verkefni

Fyrstu vikuna í september voru haldnir fundir í Reykjavík í bæði stýrihópum og verkefnahópum þeirra tveggja verkefna sem VBR vinnur nú að í samvinnu við Norrænu Vistbyggðarráðin með styrk frá Nordic Built², eða verkefnanna: Nordic Framework for Urban Areas og Nordic Guide for Sustainable Materials.

Þann 3. september var fundur í verkefnahóp NFUA, en daginn eftir var fundur í verkefnahóp NGSM. Sameiginlegir fundir í stýrihóp voru haldnir síðdegis dagana 3. og 4. sept. Þá komu fulltrúar eða samstarfsaðilar í fyrra verkefninu hérlendis, þ.e. frá Reykjavíkurborg og Háskólanum í Reykjavík og héldu kynningar.

Í vor var lokið við að skrifa undir samstarfssamning við Nordic Built vegna NGSM, og er það verkefni af þeim sökum komið lengra, en gengið var frá undirskrift samninga vegna NFUD í byrjun okt, en þar eru þátttakendur samtals 12. Nokkuð hafði dregist að ganga frá samingum og var fundurinn í Reykjavík fyrsti fundur í verkefninum, en annar fundur var haldinn í Stokkhólmi um miðjan nóvember.

4.3 Samstarfssamningur við náttúran.is

Í lok árs 2013 var samþykkt að skrifa undir 2 ára samstarfssamning við fyrirtækið Náttúruna ehf. sem rekur vefsetrið náttúran.is og stendur þetta samkomulag til áramóta 2016. Miðað er við að ekki fleiri en tveir slíkir samstarfssamningar séu virkir samtímis. Ekki var gerður nýr samningur á árinu 2014.

4.4 Samstarf við Evrópumíðstöð á Nýsköpunarmiðstöð Íslands.

Ekki hefur verið gerður formlegur samstarfssamningur við Evrópumíðstöðina, heldur hefur þetta samstarf aðeins verið tengt ákveðnum viðburðum. Vistbyggðarráð hefur komið með tillögu að fyrirlesurum og lagt til fyrirlesara og tekið þátt í dagskrá og kynningu hennar, en kostnaður hefur allur fallið á Evrópumíðstöðina sem hluti af stærra verkefni.

Vistbyggðarráð tók þátt í opinni málstofu á Hilton Reykjavík Nordica þann 11. apríl. Yfirskrift hennar var: **Vistvæn hönnun- þarfir markaðarins og leiðir að markmiðum.** Haldin voru nokkur erindi á fundinum, en þau sem héldur erindi voru: Kjartan Due Nielsen verkefnisstjóri Evrópumíðstöðvar á Nýsköpunarmiðstöð Íslands, Björn Marteinson verkfræðingur og arkitekt hjá Nýsköpunarmiðstöð, Elín Vignisdóttir landfræðingur hjá Verkís og Sigríður Björk Jónsdóttir framkvæmdastýra VBR.

Síðari fundurinn var haldinn þann 12. desember og var yfirskrift hans, **Vistvæn hönnun- Reynsla framleiðslufyrirtækja og framtíðarsýn** og var hann einnig haldin á Hótel Nordica og var ágætlega sóttur. Þar kynnti Kjartan Due Nielsen frá NMI, verkefnið, Enterprise Europe Network, Björn Marteinson fjallaði um vistvæna hönnun, þarfir markaðarins og aðferðarfræði. Þá héldu fulltrúar nokkurra framleiðslufyrirtækja stutt erindi um reynslu sína af vistvænni hönnun, en þetta voru; Birgir Kúld Pétursson hjá Gluggasmiðjunni, Baldvin Kristinsson hjá Trésmiðjunni Jara, Andri Daði Aðalsteinsson frá Límtré Vírnet og Einar Einarsson hjá Steinull. Framkvæmdastýra VBR stýrði umræðum í lok fundar með áherslu á framtíðarsýn og tækifæri til þróunar.

Báðir þeir viðburðir sem unnið hefur verið að í þessu samstarfi tókust afar vel, enda um að ræða sameiginlega hagsmuni. Það er líka mikilvægt fyrir Vistbyggðarráð að efla tengsl við aðila á markaði sem eru að vinna að framleiðslu, hönnun og sölu vöru og þjónustu á byggingarmarkaði.

² Nordic Built verkefnið er styrkt af Norræna nýsköpunarsjóðnum.

5 STYRKIR

5.1 Umhverfis- og auðlindaráðuneytið

Sótt var um 4 styrki til ráðuneyta um miðjan nóvember. Þetta voru eftirfarandi verkefni:

- ▶ Efnisgæði- gerð fræðsluefnis fyrir vistvænar byggingavörur. Sótt var um 3.364.000.kr
- ▶ *Híbýli og heilsa- heilsufarsleg áhrif vistvænna bygginga og byggðs umhverfis.* Sótt var um 3.300.000 kr.
- ▶ Íslenskar leiðbeiningar fyrir vistvottun bygginga- ferli og framkvæmd. Sótt var um 1.272.000.kr.
- ▶ Rekstrarstyrkur. Opið

Í byrjun árs 2015 kom styrkur frá ráðuneytinu til tveggja þessarra verkefna. Efnisgæði- gerð fræðsluefnis fékk úthlutað 1.000.000 kr. og verkefnið Híbýli og heilsa fékk 800.000 kr. Bæði þessi verkefni verða endurskoðuð á næsta starfsári. Annað hvort þarf að aðlaga þau því fjármagni sem fékkst og/eða sækja um frekari styrki til þeirra, sem getur haft þau áhrif að þau taki lengri tíma í vinnslu. Nú þegar hefur verið sótt um aukastyrk til að vinna hluta þeirra til Nýsköpunarsjóðs námsmanna í samstarfi við Háskólann í Reykjavík.

5.2 Styrkir Nordic Built til tveggja samstarfverkefna

Vegna þess hve seint verkefni fóru af stað þá hafa styrkir vegna þeirra skilað sér seinna inn til samstarfsaðilanna, en ¼ af styrk verkefnanna fyrir árið 2014 fékkst greiddur í lok árs eða samtals, 2.130.350 kr. sem en nokkuð minna en áætlað var í fjárhagsáætlun fyrir 2014.³ Nokkuð tími hefur farið í að skrifa og skila áfangaskýrslum og annað utnumhald sem m.a.hefur seinkað þessum greiðslum. En þær eiga að skila sér að stærstum hluta á næsta ári og mun síðasti hluti greiðslna koma til í byrjun árs 2016 nema niðurstaðan verði sú að ekki hafi þurft að nýta allt fjármagn til raunverulegs framlags. Ljóst er að styrkir eru að mestu leyti til að fjármagna ferðir og fundahöld og að hluta til aðra vinnu s.s. framlag vinnuhópa og aðkeyptrá sérfræðinga. Skilað var inn áfangaskýrslu í byrjun árs 2015 og verður uppgjör verkefnanna í raun ekki að fullu ljóst fyrr en í lok árs 2015 eða byrjun 2016.

Ávinningur af þessu samstarfi er þó margfaldur sem skilar sér í betra tengslaneti og þekkingu á því sem er að gerast í nágrannalöndunum og hefur verið afar mikilvægt fyrir Vistbyggðarráð að taka þátt.

6 AÐ LOKUM

Á síðastliðnu ári hefur starfsemi vaxið fiskur um hrygg og má segja að árið hafi einkennst af vexti bæði hvað varðar fjölda aðila, aukningu í tekjum af rannsóknarverkefnum, starfshlutfall framkvæmdastýru hefur aukist og hefur viðburðum á vegum félagsins fjölgað. Á sama tíma hefur þó veri gætt ráðdeildar í rekstrinum og tekist hefur að halda honum í góðu horfi.

Á árinu hefur verið leitast við að vinna að markmiðum Vistbyggðarráðs um faglega umræðu, rannsóknir og fræðslu á sviði vistvæns skipulags og mannvirkjagerðar. Haldnir voru fleiri viðburðir en áætlað var en flestir voru þeir unnir í samstarfi við aðra sem bæði er fjárhagslega hagkvæmt fyrir félagið en eykur jafnframt kynningu og samlegð varðandi einstök verkefni.

³ Áætlað var að um 3.8 milljónir kæmu inn vegna beggja verkefna á árinu. En taka þarf tillit til gengisprónar.

Töluverð vinna hefur verið lögð í norræn samstarfsverkefni og rannsóknarverkefni og hefur framkvæmdastýra stýrt þessum verkefnum auk þess sem keypt hefur verið að sérfræðipjónusta og ýmsir aðilar verið virkjaðir til samstarfs. Þessi verkefni hafa verið mikilvægur liður í aukinni þekkingu og fræðslu og mun þeim ljúka um áramótin 2015/2016. Mikilvægt verður að skilgreina á árinu hvað tekur við þar sem þessi verkefni hafa skilað mikilvægum fjárhagslegum styrk til starfseminnar. Að öðru óbreyttu og komi ekki til nýrra styrkveitinga eða fjölgunar aðila er ekki til fjármagn til að hafa starfsmann í fullu starfi sem er þó mikilvægt fyrir starfsemina í ljósi þess að áhugi á starfseminni hefur farið ört vaxandi og mörgum áhugaverðum verkefnum þarf að sinna. Áframhaldandi er því mikilvægt verkefni félagsins að tryggja nægt fjármagn til starfseminnar.

Í hönd fara tímar uppbyggingar og aukinna framkvæmda og er nú sem aldrei fyrr mikilvægt að vistvæn sjónarmið og aðferðir verði þar í lykilhlutverki, til að ná fram markmiðum um sjálfbæra byggð hér á landi.

Reykjavík, 25.mars 2015

Helga Jóhanna Bjarnadóttir, formaður stjórnar Vistbyggðarráðs

Áritun stjórnar:

Helga Jóhanna Bjarnadóttir

Elín Vignisdóttir

Páll Gunnlaugsson

Guðmundur Tryggvi Sigurðsson

Ásdís Hlökk Theodórsdóttir

Björn Guðbrandsson

Haukur Magnússon
